

IV/32.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS
Skýrslu gerir Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, 9. júlí 2004. Kl. 10:00.		
Sakarefni: Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995))		
Vitni: Helgi Jóhannesson	Kennitala: 041063-5219	
Starf/staða: Hæstaréttarlögmaður	Vinnusími: 590 2600	
Lögheimili: Laufásvegur 66, Reykjavík	Sími: 561 3569/849 0000	
Dvalarstaður:	Sími:	

Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.

Helgi er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum tiltekinna forsvarsmanna Baugs-Group hf. í tengslum við viðskipti við Fjárfar ehf.

Helgi er fyrrverandi stjórnarmaður félagsins Fjárfar ehf. og í ljósi þess var hann boðaður til skýrslutökunnar og óskað eftir því að hann gefi skýrslu sem vitni í málinu. Viðstaddur skýrslutökuna er einnig Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi en hann mun taka þátt í yfirheyrslunni.

Helga er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, þ.e. sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá, og draga ekkert undan sem máli kann að skipta en röng skýrsla vitnis getur varðað refsíábyrgð.

Helgi kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og er reiðubúinn að tjá sig.

Helgi vildi byrja á því að afhenda afrit af andmælum hans við skýrslu skattrannsóknarstjóra dags. 29. júní 2004 sem hann sendi til skattrannsóknarstjóra ásamt einu fylgiskjali dags 3. janúar 2001.

Stofnun, stjórnun og eignarhald Fjárfars ehf.

Helgi er beðinn um að skýra frá aðkomu sinni að Fjárfari ehf. og lýsa störfum sínum fyrir félagið.

Í árslok 1999 hafi Kristín Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri Gaums óskað eftir því við hann að taka það að sér að vera stjórnarformaður í félaginu og halda utan um skjöl. Á þeim tíma hafi staðið til að félagið hafi yrði sameinað Gaumi og hefði því verið um bráðabirgðarráðstöfun að ræða þangað til. Á þessum tíma hafi þetta verið eignarhaldsfélag sem átti hlutabréf og skuldaði fjármuni m.a. til Íslandsbanka og Kaupþings, hlutverk Helga hafi aðallega verið það að vera í samskiptum við lánastofnanir og að framkvæma hlutabréfaviðskipti þau sem tengiliður hans Kristín Jóhannesdóttir fól honum og óskaði eftir. Um framkvæmd starfans var gerður samningur á milli Helga og Kristínar dags. 9. ágúst 2001. Samningurinn gildi þó allt tímabilið sem Helgi var í stjórninni og vildi Helgi vísa til hans t.a.m varðandi hlutverk Kristínar sem tengilið hans við félagið og það að Gaumur eða starfsmaður Gaums hafi átt að sjá um bókhald félagsins.

Öll fylgiskjöl sem urðu til í viðskiptum sem Helgi átti þátt í fyrir fyrirtækið voru send til bókara frá Gaumi, Ragnari Þórhallssyni og KPMG hafi séð um gerð ársreikninga og skattskil. Helgi tekur fram að fyrir innkomu hans í félagið í desember 1999 hafði hann aldrei komið að þessu félagi og kvaðst hann ekkert vita um viðskipti þess frá stofnun og að þeim tíma. Hann kveðst því ekkert vita um stofnun Fjárfars ehf. og aðdraganda þess.

06077



Helgi er spurður hvort hann eigi eða hafi á einhverjum tímamarki átt hlut í félaginu Fjárfar ehf.

Helgi kveður svo ekki vera og tekur fram að hann hafi ekki notið ávinnings af rekstri félagsins en hann hafi fengið greidda þóknun í samræmi við unnin störf fyrir félagið.

Undir Helga er borið skjal málsins nr. II/25.1.5., sem er tilkynning til hlutafélagaskrár dags. 30. desember 1999 og undirrituð af Helga. Helgi er spurður hverjir hafi verið viðstaddir þennan hluthafafund sem í tilkynningunni er skýrt frá.

Helgi kveðst ekki hafa verið viðstaddur þennan fund, Kristín hafi beðið hann um að koma í stjórnina og senda inn tilkynningu þess efnis. Helgi vildi taka það fram að tilkynning sé röng að því leyti að Sævar Jónsson hafi verið varamaður í stjórn en ekki meðstjórnandi.

Helgi er beðinn um að lýsa samstarfi sínu með öðrum stjórnarmönnum Fjárfars ehf. á þeim tíma sem hann sat í stjórn þ.e. Sævari Jónssyni frá 30. desember 1999 til 5. mars 2002.

Helgi kvaðst ekki hafa átt nein samskipti eða samstarf við Sævar vegna þessa enda kom hann aldrei inn sem aðalmaður í stjórn.

Undir Helga er borið fylgiskjal 4.1 sem er hluti af skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins (SRS) á málefnum Fjárfars ehf. (skjal II/37.4.1-3) sem afhent var embætti ríkislögreglustjóra 29. júní 2004 vegna rannsóknar þessarar. Um er að ræða samning dags. 9. ágúst 2001 á milli Helga og Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. Í samningnum kemur m.a. fram að Gaumur komi fram f.h. hluthafa Fjárfars og að Helgi skuli einungis framkvæma þær ráðstafanir f.h. Fjárfars ehf. sem fulltrúar hluthafa félagsins fela honum eða samþykkja. Samningurinn átti að teljast gildur frá þeim tíma sem Helgi tók við stjórnarstörfum fyrir félagið.

Helgi er beðinn um að skýra frá því hverjir hafi verið hluthafar í Fjárfari ehf. og hvort hann viti hvers vegna Gaumur komi fram f.h. þeirra. Helgi er einnig spurður hvort að raunin hafi verið sú í framkvæmd eins og kveðið er á um í samningnum að Helgi framkvæmdi aðeins þær ráðstafanir f.h. Fjárfars ehf. sem fulltrúar hluthafa félagsins fólu honum eða samþykktu.

Helgi segist ekki geta sagt til um það nákvæmlega á þessum tímamarki hverjir voru hluthafar í félaginu enda sá hann ekki um viðskipti með hlutafé í félaginu. Helgi segir að það hafi verið honum ljóst að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi haft mikið um félagið að segja og því telur hann það vera ástæðu þess að Gaumur kom fram fyrir hönd hluthafa. Helgi segir að raunin hafi verið sú í framkvæmd eins og kveðið er á um í samningnum hann hafi aðeins framkvæmt það sem honum var falið og tók ekki neinar sjálfstæðar ákvarðanir varðandi hlutabréfaviðskipti.

Samkvæmt þeim gögnum sem lögregla hefur sagði Helgi sig úr stjórn Fjárfars ehf. þann 5. mars 2002. Helgi er beðinn um skýra frá ástæðu þess.

Helgi segir að hann hafi um nokkurt skeið áður óskað eftir því við Kristínu að losna úr stjórninni enda höfðu upphafleg áform um að sameina félagið Gaumi ekki gengið eftir. Helgi segir að honum hafi þótt það óþægileg staða að vera í stjórn félags sem hann hafði ekki í raun fullkomið vald yfir.

Fyrir Helga er lagt fylgiskjal 6.4 úr skýrslu SRS en um er að ræða bréf hans til Íslandsbanka dags. 19. september 2001 er varðar endurfjármögnun á láni. Í bréfinu kemur fram hverjir stærstu eigendur Fjárfars séu samkvæmt hluthafaskrá. Nú hefur Sævar Jónsson borið því við í skýrslutöku hjá lögreglu að hann hafi aldrei átt hlut í Fjárfari, Helgi er því spurður á hverju þessar upplýsingar séu byggðar.

Helgi segir að þær séu byggðar á tölvupósti frá Kristínu frá 19. september 2001 (fylgiskjal 6.5 í skýrslu SRS). Helgi segist aðspurður ekki hafa staðreynt þessar upplýsingar enda var Kristín hans tengiliður við hluthafa skv. áðurnefndum samningi.

Viðskipti við Baug-Group hf. 2000 - 2001:

Helga er kynnt að þau viðskipti sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001. Skv. gögnum málsins var Helgi í stjórn Fjárfars ehf. yfir þetta tímabil. Undir Helga er borið skjal málsins nr. II/37.2.1 sem er útprentun úr bókhaldskerfi Fjárfars ehf. - hreyfingarlisti viðskiptareiknings Baugs hjá Fjárfari. Þar má sjá þau þrjú viðskipti sem um ræðir og mun Helgi nú verða spurður um þau.

Helgi vill til að byrja með taka fram að engin viðskipti sem hann kom að hafi verið framkvæmd nema eftir fyrirmælum frá Kristínu tengilið hans við hluthafa.

16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m * 12,9"

Helgi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Helgi segir að það hljóti að hafa verið Jón Ásgeir Jóhannesson án þess þó að geta fullyrt um það.

Undir Helga er borið fylgiskjal 8.4 sem er hluti af skýrslu SRS. Um er að ræða kaupsamning á milli Baugs sem seljanda og Fjárfars sem kaupanda að 5.000.000 hlutum í Baugi samtals að fjárhæð kr. 64.500.000. Jón Ásgeir ritar undir samninginn fyrir hönd Baugs en Helgi f.h. Fjárfars. Helgi er spurður hvort hann þekki þennan samning og geti staðfest undirritun sína á honum. Einnig er hann spurður hvort hann viti hver hafi útbúið þennan samning.

Helgi segist þekkja þennan samning og undirritun sína á honum. Hann segist ekki hafa útbúið hann sjálfur og viti ekki hver gerði það. Hann telji að það hafi verið Jón Ásgeir sem kom með hann til hans.

Helgi er spurður hver tilgangur með þessum kaupum hafi verið en hann kveðst ekki vita það.

Helgi er spurður hvaða mat hann leggi eða hafi lagt á lögmæti þessarar lánveitingar frá Baugi til Fjárfars.

Helgi sagðist á þeim tíma ekki hafa lagt neitt mat á það.

Helgi er spurður hvort að endurskoðendur félagsins hafi komið með einhverjar athugasemdir varðandi þessa skuld við Baug. Ef svo er, þá um hvað fjölluðu þær og hvernig var brugðist við þeim.

Helgi segir að þeir hafi ekki komið með athugasemdir til hans.

Helgi er spurður hvort að Fjárfar hafi lagt einhverja tryggingu fram gegn þessari skuld.

Helgi heldur að hann geti fullyrt það að hann hafi ekki undirritað neina lánasamninga við Baug vegna þessara viðskipta. Helgi segist ekki vita til þess að Fjárfar hafi lagt fram tryggingu gegn þessari skuld.

Helgi er spurður hvort og þá hvenær Baugur hefði hafið innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Helgi segist aldrei hafa fengið neinar rukkanir vegna hennar.

Helgi er spurður hvort búið sé að greiða upp þessa skuld Fjárfars og þá hvernig var það gert.

Helgi segir að honum hafi verið tjáð að allar kröfur á milli félaganna séu nú uppgerðar en hann hafi ekki komið að því uppgjöri og telji að það hafi farið fram eftir að hann fór úr stjórn.

Undir Helga er borið fylgiskjal 8.1 sem er hluti af skýrslu SRS. Um er að ræða kaupsamning á milli Fjárfars sem seljanda og Helgu Gísladóttur sem kaupanda að 5.000.000 hlutum í Baugi samtals að fjárhæð kr. 64.500.000. Helgi ritar undir samninginn fyrir hönd Fjárfars en samningurinn er óundirritaður af hálfu kaupanda.

Helgi er spurður hvort hann þekki þennan samning og geti staðfest undirritun sína á honum og jafnframt er hann beðinn um að skýra það hvers vegna hann er óundirritaður af hálfu kaupanda. Helgi er spurður hver hafi útbúið þennan samning.

Helgi segist þekkja þennan samning og undirritun sína á honum. Hann segist ekki hafa útbúið hann sjálfur og viti ekki hver gerði það. Hann telji að það hafi verið Jón Ásgeir sem átti að útvega undirritun Helgu Gísladóttur en hann telji að af þessum samningi hafi aldrei orðið og hann hafi aldrei farið inn í bókhald Fjárfars.

Skv. þessum samningi sem dags. er 16. maí 2000 átti Helga að greiða fyrir bréfin með öllu sínu hlutafé í Fjárfari. Engu að síður gaf Helga út yfirlýsingu 7. desember 2000 um að hún eigi allt hlutafé Fjárfars. Að lokum sendi Helgi sjálfur bréf til Verðbréfaþings Íslands 3. janúar 2001 þess efnis að Helga Gísladóttir hafi selt allt sitt hlutafé í Fjárfari.

Helgi er beðinn um að greina frá sinni vitneskju varðandi eignarhlut Helgu í Fjárfari.

Helgi segist ekkert vita um það nema að hann vísar til yfirlýsingar dags. 7. desember 2000 (fylgiskjal 6.1 úr skýrslu SRS) sem Helgi aflaði vegna fyrirspurnar Verðbréfaþings Íslands um eignarhald félagsins sbr. bréf Helga dags. 8. desember 2000 (fylgiskjal 6.2 úr skýrslu SRS)

Helga var síðan tjáð strax eftir áramótin 2000/2001 að Helga hefði selt hlut sinn í Fjárfari, hann viti ekki hverjum og hann geti ekki tjáð sig um aðkomu hennar að þessu félagi frekar.

30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000

Helgi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Helgi segir að það hafi annaðhvort verið Jón Ásgeir eða Kristín sem sögðu honum að þessi viðskipti ættu að fara fram. Helgi kveðst minnst þess að hann hafi þurft að hafa fyrir því að fá framsal á hlutabréfunum til Fjárfars frá Baugi, en síðar hafi viðskiptin verið látin ganga til baka með samþykki aðila sbr. færslu í bókhaldi þess efnis.

Undir Helga er borið skjal málsins nr. II/37.2.2. Um er að ræða kaupsamning dags. 16. júní 2000 á milli Baugs sem seljanda og Fjárfars sem kaupanda að 2.500.000 hlutum í Baugi.net samtals að fjárhæð kr. 50.000.000. Jón Ásgeir og e.t.v. Jón Scheving Thorsteinsson rita undir samninginn fyrir hönd Baugs en Helgi f.h. Fjárfars.

Helgi er spurður hvort hann þekki þennan samning og geti staðfest undirritun sína á honum. Einnig er hann spurður hvort hann viti hver hafi útbúið þennan samning.

Helgi segist þekkja þennan samning og undirritun sína á honum. Hann segist ekki hafa útbúið hann sjálfur og viti ekki hver gerði það

Helgi er spurður hver tilgangur með þessum kaupum hafi verið en hann kveðst ekki vita það. Hann segist ekkert hafa komið nálægt samningagerðinni eða samningaviðræðum.

Helgi er spurður hvaða mat hann leggi eða hafi lagt á lögmæti þessarar lánveitingar frá Baugi til Fjárfars, sérstaklega í ljósi eignaraðildar Gaums á Fjárfari og þ.a.l. tengsla Jóns Ásgeirs við félögin þrjú sem um ræðir.

Helgi sagðist á þeim tíma ekki hafa lagt neitt mat á það.

Helgi er spurður hvort að endurskoðendur félagsins hafi komið með einhverjar athugasemdir varðandi þessa skuld við Baug. Ef svo er, þá um hvað fjölluðu þær og hvernig var brugðist við þeim.

Helgi segir að þeir hafi ekki komið með athugasemdir til hans.

Helgi er spurður hvort að Fjárfar hafi lagt einhverja tryggingu fram gegn þessari skuld.

Helgi kveðst ekki muna til þess en félagið fékk aldrei bréfin framseld formlega.

Sala Baugs á þessum bréfum var bakfærð þann 21.02.2002 í bókhaldi Baugs. Skv. upplýsingum frá núverandi talsmanni Fjárfars ehf. voru þessi viðskipti bakfærð skv. samkomulagi milli aðila þar sem forsendur brustu fyrir því að félagið yrði skráð á markað. Helgi er spurður hvort að eitthvað slíkt samkomulag hafi verið til staðar og er hann þá beðinn um að gera grein fyrir því.

Helgi staðfestir að samkomulag hafi verið um að viðskiptin yrðu bakfærð en ekki hafi verið um skriflegt samkomulag að ræða, það kunni vel að vera rétt að ástæðan hafi verið sú að félagið fór ekki á markað þótt hann muni ekki nákvæmlega hverjar ástæðurnar voru.

13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárukning" - kr. 85.758.591

Helgi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Helgi segir að hann minni, án þess þó að geta fullyrt það, að það hafi verið að beiðni Kristínar sem hann tilkynnti Baugi að Fjárfar hygðist nýta sér forkaupsrétt sinn í hlutafjárukningunni, hann kveður þetta vera einu afskipti sín af þessu máli og í raun ekki fylgt því eftir á annan hátt eða skrifað undir samninga þar að lútandi að því hann telji. Hann hafi ekki vitað um fjármögnun viðskiptanna og ekki fengið neinn eftirrekstur eða innheimtu af hendi Baugs.

Helgi er spurður hvaða mat hann leggi eða hafi lagt á lögmæti þessarar lánveitingar frá Baugi til Fjárfars, sérstaklega í ljósi eignaraðildar Gaums á Fjárfari og þ.a.l. tengsla Jóns Ásgeirs við félögin þrjú sem um ræðir.

Helgi segist ekki hafa talið að verið væri að lána félaginu neitt vegna þessa og lagði því ekkert sérstakt mat á það.

Helgi er spurður hvort að endurskoðendur félagsins hafi komið með einhverjar athugasemdir varðandi þessa skuld við Baug. Ef svo er, þá um hvað fjölluðu þær og hvernig var brugðist við þeim.

Helgi svaraði því neitandi.

Helgi er spurður hvort að Fjárfar hafi lagt einhverja tryggingu fram gegn þessari skuld.

Helgi veit ekki til þess, það hafi þá allavega ekki verið fyrir hans milligöngu.

Helgi er spurður hvort búið sé að greiða upp þessa skuld Fjárfars og þá hvernig var það gert.

Helgi segir að honum hafi verið tjáð að allar kröfur á milli félaganna séu nú uppgerðar en hann hafi ekki komið að því uppgjöri og telji að það hafi farið fram eftir að hann fór úr stjórn.

Undir Helga er borið skjal nr. II/37.2.3. Um er að ræða samning um hlutabréfaviðskipti þar sem skv. upplýsingum frá Fjárfari hlutabréf í Baugi að nv. kr. 40.000.000 voru seld til Fjárfestingarfélagsins Straums gegn hlutabréfum í hinu síðarnefnda. Baugur hafi um svipað leyti fjárfest í Straumi en Fjárfar og Baugur ætluðu að hafa með sér samstarf í Straumi

Helgi er beðinn um að skýra frá þessum viðskiptum sérstaklega í ljósi samstarfs Baugs og Fjárfars.

Helgi vísar á Jón Ásgeir í þessu sambandi, það hafi verið Jón Ásgeir og Þórður Már Jóhannesson sem hafi samið um þessi viðskipti og Helgi hafi undirritað þá samninga sem þeir höfðu náð sín á milli f.h. Fjárfars.

Helgi er beðinn um að skýra tengsl Jóns Ásgeirs Jóhannessonar við Fjárfar.

Helgi segir að það hafi komið honum þannig fyrir sjónir að Kristín Jóhannesdóttir hafi fengið sín fyrirmæli og upplýsingar varðandi félagið frá Jóni Ásgeiri og hún hafi síðan komið þeim áfram til Helga í samræmi við samning þeirra. Aðspurður segist Helgi ekki hafa orðið var við fleiri aðila sem höfðu með málefni Fjárfars að gera, hann hafi þó vitað til þess að Tryggvi Jónsson hafi haft eitthvað komið við sögu áður en Helgi kom inn í stjórn, hann hafi ekki átt samskipti við hann varðandi verkefni sín fyrir félagið á þeim tíma sem hann var í stjórn nema e.t.v. að einhverju óverulegu leyti á fyrstu dögum stjórnarsetu sinnar.

Helgi er spurður hvort að hann hafi tekið einhverjar ákvarðanir um fjárhagslegar skuldbindingar Fjárfars eða annan rekstur félagsins.

Helgi svarar því neitandi, hann hafi ekki gert neitt nema samkvæmt beiðni eða fyrirmælum.

Helgi er spurður, sérstaklega í ljósi fram komins framburðar, hver hann hafi talið að væri stjórnandi og/eða eigandi Fjárfars ehf. á þeim tíma sem hann sat í stjórn félagsins.


Varðandi eignarhaldið vísar Helgi í fyrirliggjandi gögn og þær upplýsingar sem honum voru veittar en varðandi stjórnun segir Helgi eins og fyrr hafi komið fram þá hafi það komið honum fyrir sjónir að það hafi verið Jón Ásgeir sem hafi ráðið för í rekstri og ákvarðanatöku félagsins.

Skýrslutöku lauk kl. 11:50


Staðfest rétt eftir haft:

Skýrsluna skráði:


Helgi Jóhannesson


Aldís Hilmarsdóttir

Viðstaddur skýrslutökuna:


Sveinn Ingiberg Magnússon